

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (millidómstig)

I. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, með síðari breytingum

1. gr.

Á ákvæðum I. kafla laganna, sem hefur fyrrsögnina **Gildissvið laganna og dómendur í héraði**, verða eftirfarandi breytingar:

- a. Á eftir orðunum „hæstaréttardómara, starfsmenn Hæstaréttar,“ í 2. másl. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: landsréttardómara, starfsmenn Landsréttar.

2. gr.

Á ákvæðum II. kafla laganna, sem hefur fyrrsögnina **Þinghöld, þingbækur o.fl.**, verða eftirfarandi breytingar:

- a. 3. mgr. 11. gr. orðast svo:
 3. Það sem kemur fram við munnlega sönnunarfærslu skal tekið upp í hljóði og mynd, sbr. þó 3. og 4. mgr. 51. gr. Dómari getur einnig í undantekningartilfellum ákveðið að taka upp eða skrá útdrátt sinn af framburði, en hlutaðeiganda skal þá gefinn kostur á að koma að athugasemdum um það sem er haft eftir honum og um framkvæmd skýrslutökunnar.
- b. 4. mgr. 13. gr. orðast svo:
 - Dómabækur, þingbækur, framlögð skjöl, hljóð- og myndupptökur skulu varðveitt í skjalasafni hlutaðeigandi dómstóls þar til þau verða afhent Þjóðskjalasafni.
- c. Í stað orðanna „eftirgerð af hljóðupptöku eða myndbandsupptöku“ í 3. mgr. 14. gr. kemur: hljóð- og myndupptöku.
- d. Á eftir orðunum „að hlýða“ í 3. mgr. 14. gr. kemur: og horfa.
- e. Í stað „1. og 2. mgr.“ í 4. mgr. 14. gr. kemur: 1. mgr.
- f. Á eftir orðunum „að hlýða“ í 5. mgr. 14. gr. kemur: eða horfa.
- g. Í stað orðanna „hljóðritunar og myndbandsupptöku“ í c-lið 15. gr. kemur: hljóð- og myndupptöku.
- h. Í stað orðanna „hljóðritana og myndbanda“ í e-lið 15. gr. kemur: hljóð- og myndupptaka.

3. gr.

4. mgr. 51. gr. laganna verður svohljóðandi:

4. Nú er það verulegum erfiðleikum háð fyrir vitni að koma fyrir dóm, og getur þá dómari ákveðið að skýrsla verði tekin af því á dómþingi gegnum síma eða annað fjarskiptatæki, enda verði skýrslutöku hagað þannig að allir sem eru staddir á dómþingi heyri orðaskipti við vitnið. Skal þá vitni sanna deili á sér og tryggt að aðstæður þess séu þannig að vitni geti einbeitt sér að skýrslugjöfinni.

4. gr.

Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 5. mgr. 124. gr. laganna kemur: æðri dómi.

5. gr.

Í stað orðanna „Hæstaréttar sbr. 1. mgr. 157. gr.“ í 5. mgr. 137. gr. laganna kemur: Landsréttar skv. lögum um dómstóla.

6. gr.

Á ákvæðum XXIV. kafla laganna sem hefur fyrrsögnina **Kæra**, verða eftirfarandi breytingar:

- a. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í inngangsmálslið 1. mgr. 143. gr., 2. mgr. 147. gr. og 2. mgr. 148. gr. laganna kemur: Landsréttar.
- b. Í stað orðsins: „Hæstarétti“ í 3. mgr. 145. gr., 1. mgr. 147. gr., 2. mgr. 148. gr. og 1. mgr. 149. gr. laganna kemur: Landsrétti.
- c. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 1. mgr. 149. gr., tvívegis í 2. mgr. 149. gr., 3. mgr. 149. gr., 1. mgr. 150. gr., 2. mgr. 150. gr. og 3. mgr. 150. gr. laganna kemur: Landsréttur.

7. gr.

Fyrrsögn XXV. kafla laganna verður: **Áfrýjun til Landsréttar.**

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 151. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „leiðir“ í 1. mgr. kemur: leiða, og í stað orðsins „Hæstaréttar“ í sömu málsgrein kemur: Landsréttar.
- b. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 4. mgr. kemur: Landsrétti.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 152. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
 1. Nú varðar mál fjárkröfu og er það þá skilyrði áfrýjunar að fjárhæð nemi 1.000.000 krónum. Þessari fjárhæð skal breyta um hver áramót miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. júlí 2015, en ráðherra auglýsir í Lögbirtingablaði nýja fjárhæð ekki síðar en 10. desember ár hvert.
- b. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ tvívegis í 3. mgr. og einu sinni í 4. mgr. kemur: Landsréttur.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 153. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 1. mgr. kemur: Landsréttar.
- b. Á eftir 1. mgr. bætist við ný málsgrein sem orðast svo:
 2. Þegar aðili óskar eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar, sbr. 2. mgr. 167. gr., rofnar áfrýjunarfrestur. Hafni Hæstiréttur beiðni um áfrýjunarleyfi heldur frestur til áfrýjunar til Landsréttar áfram að líða að nýju frá þeim tíma er ákvörðun Hæstaréttar er tilkynnt aðila, samkvæmt 5. mgr. 169. gr. Frestur til að áfrýjunar til Landsréttar í kjölfar synjunar Hæstaréttar skal þó aldrei verða skemmri en tvær vikur.
- c. 2. mgr. verður 3. mgr. og í stað orðanna „Hæstiréttur“ í þeirri málsgrein kemur: Landsréttur.
- d. 3. mgr. verður 4. mgr. og í stað orðsins „Hæstarétti“ í þeirri málsgrein kemur: Landsrétti.
- e. 4. mgr. verður 5. mgr. og í stað orðsins „Hæstaréttar“ í þeirri málsgrein kemur: Landsréttar.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 154. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 1. mgr. kemur: Landsrétti.
- b. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 2. mgr., 3. mgr. og 4. mgr. kemur: Landsréttur.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 155. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: Landsréttar.
- b. Á eftir d. lið 1. mgr. bætist við nýr staflíður, svohljóðandi:
 - e. þá sem áfrýjandi hyggst leiða fyrir dóm til skýrslugjafar um atvik máls og í hvaða skyni það skuli gert.
- c. e-liður 1. mgr. verður f-liður og í stað orðsins „Hæstarétti“ kemur: Landsrétti, og í stað orðsins „Hæstarétti“ kemur: Landsrétti.
- d. f-liður 1. mgr. verður g-liður og í stað orðanna „skv. e-lið“ í þeim staflíð kemur: skv. f-lið.
- e. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 2. mgr. kemur Landsrétti, og í stað orðsins „Hæstiréttur“ kemur: Landsréttur.
- f. Í stað orðsins „hann“ í 3. mgr. kemur: Landsréttur, og í stað orðsins „Hæstaréttar“ kemur: Landsréttar
- g. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 4. mgr. kemur: Landsréttar.
- h. Í stað orðanna „skv. e-lið“ í 5. mgr. kemur: skv. f-lið.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 156. gr. laganna.

- a. 1. mgr. orðast svo:
 1. Eftir birtingu áfrýjunarstefnu en áður en fresti stefnda skv. f-lið 1. mgr. 155. gr. lýkur skal áfrýjandi afhenda Landsrétti stefnuna ásamt sönnun fyrir birtingu hennar, svo og greinargerð af sinni hálfu. Einnig skal hann þá skila málgögnum í þeim fjölda eintaka sem Landsréttur ákveður, en til þeirra teljast þau málsskjöl, endurrit og hljóð- og myndupptökur sem áfrýjandi hyggst byggja mál sitt á fyrir Landsrétti og liggja þegar fyrir. Mál er þá þingfest fyrir Landsrétti. Áfrýjandi skal eigi síðar en við þingfestingu afhenda stefnda eintak málgagna sem lögð eru fram fyrir Landsrétti.
- b. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í a-lið 2. mgr. kemur: Landsrétti.
- c. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í b-lið 2. mgr. kemur: Landsrétti, og á eftir orðunum „tiltekinn skjala málsins“ bætist við: sem og hljóð- og myndupptaka af munnlegum framburði fyrir héraðsdómi.
- d. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í c-lið og d-lið 2. mgr. kemur: Landsrétti.
- e. Á eftir d-lið 2. mgr. bætist við nýr staflíður. e-liður, sem orðast svo:
 - Hvaða aðila- og vitnaskýrslna áfrýjandi telur nauðsynlegt að afla fyrir Landsrétti ásamt rökstuðningi þar að lútandi, þ. á m. fyrir því hvers vegna ekki sé nægilegt að byggja á upptökum, sbr. 3. mgr. 11. gr., hafi aðili eða vitni gefið skýrslu fyrir héraðsdómi.
- f. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 3. mgr. kemur: Landsréttar, og í stað orðsins „Hæstarétti“ kemur: Landsrétti.
- g. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 4. mgr. kemur: Landsréttur.

14. gr.

Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 1. mgr. 157. gr. laganna kemur: Landsrétti.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 158. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
 1. Nú hyggst stefndi skila greinargerð í máli, og skal þá bréflæg tilkynning hans um það berast Landsrétti innan frests sem honum var settur í þessu skyni í áfrýjunarstefnu. Þegar mál er þingfest ákveður skrifstofa Landsréttar stefnda frest í fjórar til sex vikur til að skila greinargerð. Áfrýjanda skal tilkynnt um þann frest sem stefnda er veittur. Skal stefndi senda áfrýjanda eintak af greinargerð og öðrum málgögnum sem hann leggur fram.
- b. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 3. mgr. kemur: Landsrétti, og í stað orðsins „Hæstiréttur“ kemur: Landsréttur.

c. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 5. mgr. kemur: Landsréttur.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 159. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í c-lið 1. mgr. og d-lið 1. mgr. kemur: Landsrétti.
- b. Á eftir f-lið 1. mgr. bætist við nýr staflíður, g-liður, sem orðast svo:

Hvaða aðila- og vitnaskýrslna stefndi telur nauðsynlegt að afla fyrir Landsrétti ásamt rökstuðningi þar að lútandi, þ. á m. fyrir því hvers vegna ekki sé nægilegt að byggja á upptökum, sbr. 3. mgr. 11. gr. hafi aðili eða vitni gefið skýrslu fyrir héraðsdómi.
- c. 2. mgr. orðast svo:

2. Með greinargerð skal stefndi afhenda málgögn í þeim fjölda eintaka sem Landsréttur ákveður, en til þeirra teljast þau málsskjöl, endurit sem og hljóð- og myndupptökur af munnlegum framburðum fyrir héraðsdómi sem hann hyggst byggja mál sitt á fyrir Landsrétti og liggja þegar fyrir, enda hafi áfrýjandi ekki þegar afhent þau.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 160. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

1. Áfrýjanda skal tilkynnt þegar Landsrétti hafa borist greinargerð og málgögn stefnda. Hafi aðilar ekki þegar lýst gagnaöflun lokið skal þeim um leið veittur sameiginlegur frestur til frekari gagnaöflunar. Sá frestur skal að jafnaði ekki vera lengri en einn mánuður. Hvor aðili um sig skal afhenda í einu lagi ný gögn sín í frumriti og ljósrit eða eftirrit þeirra í sama búningi og segir í 156. gr. og 159. gr. Aðilar skulu jafnframt senda gagnaðila eftirrit gagnanna. Að liðnum fresti telst öflun sýnilegra sönnunargagna sjálfkrafa lokið nema áður hafi verið fallist á skriflega ósk aðila um lengri frest eða dómurinn beinir því síðar til aðila að hann megi afla tiltekinna gagna. Landsréttur getur þó heimilað aðila að leggja fram ný gögn eftir lok gagnaöflunar ef ekki var unnt að afla þeira fyrr eða atvik hafa breyst svo að máli skiptir eftir þann tíma.
- b. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 2. mgr. kemur: Landsrétti.
- c. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 3. mgr. kemur orðið: Landsréttur.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 161. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

1. Þegar gagnaöflun er lokið í máli þar sem stefndi skilar greinargerð ákveður Landsréttur hvenær það verði flutt og tilkynnir hvort og þá hvaða aðila- og vitnaskýrslur verði teknar fyrir dóminum. Skal aðilum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara. Um tilhögun skýrslutöku fer að öðru leyti eftir ákvæðum VII. og VIII. kafla laganna.
- b. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 2. mgr., tvívegis í 3. mgr., 4. mgr. og 5. mgr. kemur: Landsréttur.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 162. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

1. Áður en aðalmeðferð hefst á dómþingi skal gerð grein fyrir dómsorði héraðsdóms og áfrýjunarstefnu að því leyti sem dómsformaður telur þess þörf til skýringar á málflutningi. Við aðalmeðferð skulu að jafnaði fara fram í einni lotu skýrslutökur og munnlegur flutningur máls. Fyrst eru teknar skýrslur af aðilum og vitnum og gengið á vettvang ef því er að skipta. Að því loknu verða málflutningsræður fluttar.
- b. 2. mgr. orðast svo:

2. Frumræða verður fyrst flutt af hálfu áfrýjanda og síðan af hálfu stefnda nema dómsformaður hafi ákveðið aðra röð og aðilum verið það tilkynnt við boðun til málfutnings. Eftir frumræður skal gefinn kostur á að fram komi stutt andsvör af hálfu hvors aðila í sömu röð. Flytji lögmaður málið af hálfu aðila getur dómsformaður heimilað aðilanum sjálfum eða fyrirsvarsmanni hans að koma að stuttum athugasemdum að loknum andsvörum lögmanns hans.

- c. Í stað orðsins „Forseti“ tvívegis í 4. mgr. kemur: Dómsformaður.
- d. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 5. mgr. kemur: Landsréttur.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 163. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ tvívegis í 1. mgr. kemur: Landsréttar.
- b. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 2. mgr. kemur: Landsréttur.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 164. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 1. mgr. kemur: Landsrétti.
- b. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 2. mgr. kemur: Landsréttur, og í stað orðsins „Hæstarétti“ kemur: Landsrétti.
- c. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ tvívegis í 3. mgr. kemur: Landsréttar, og í stað orðsins „Hæstiréttur“ kemur: Landsréttur.
- d. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 4. mgr. kemur: Landsréttar.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 165. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 1. mgr. kemur: Landsrétti.
- b. 2. mgr. orðast svo:

2. Strax eftir dómtöku máls skulu dómarrar ræða með sér fyrir luktum dyrum röksemdir og niðurstöðu dóms. Dómsformaður er frummælandi á þeim fundi, stýrir honum, ber fram spurningar, stuðlar að því að álit hvers dómara komi þar sem skýrast fram og telur atkvæði þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum. Að lokinni umræðu semur dómsformaður atkvæði að dómi. Greinist dómarrar í meiri og minni hluta semur dómsformaður atkvæði fyrir þann hluta sem hann heyrir til, en hinir dómarrarnir ákveða hver þeirra semji atkvæði þeirra, myndi þeir meirihluta. Dómari, sem greiðir atkvæði með ómerkingu héraðsdóms eða frávísun máls og verður í minni hluta, verður einnig að greiða atkvæði um efni máls. Dómarrar ganga í sameiningu frá dómi, með eða án sératkvæða.

23. gr.

Á eftir XXV. kafla laganna kemur nýr kafli, XXVI. kafli, með fyrirsögninni **Áfrýjun til Hæstaréttar**, með fimmtán greinum, 167. gr. – 181. gr., svohljóðandi, og breytist númer annarra kafla og greina samkvæmt því:

- a. (167. gr.)

1. Heimilt er aðila að óska eftir leyfi til að áfrýja dómi Landsréttar til Hæstaréttar. Hæstiréttur ákveður hvort orðið verði við umsókn um áfrýjunarleyfi og skal við mat á því líta til þess hvort úrslit málsins hafi verulegt almennt gildi eða varði mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis. Hæstiréttur getur gefið öðrum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn áður en ákvörðun er tekin.

2. Í stað áfrýjunar til Landsréttar er aðila heimilt að óska eftir leyfi til að áfrýja dómi héraðsdóms beint til Hæstaréttar. Við mat á því hvort veita skuli slíkt leyfi skal Hæstiréttur líta til þeirra sjónarmiða sem fram koma í 1. mgr. og þess hvort þörf sé á sönnunarfærslu fyrir Landsrétti. Skal Hæstiréttur gefa öllum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn áður en ákvörðun er tekin.

3. Afsal á rétti til málskots til Hæstaréttar, hvort heldur berum orðum eða þegjandi, verður ekki gefið fyrir en dómur er genginn í máli.

b. (168. gr.)

1. Sækja skal um leyfi til áfrýjunar til Hæstaréttar innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu dóms.

2. Hæstiréttur getur orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja dómi sem berst næstu þrjá mánuði eftir lok frests skv. 1. mgr. enda sé dráttur á áfrýjun nægjanlega réttlættur.

3. Nú er dómi áfrýjað og er gagnaðila þá heimilt að gagnáfrýja án áfrýjunarleyfis og án tillits til áfrýjunarfrests, en stefnu til gagnáfrýjunar verður að gefa út meðan hann nýtur enn frests til að leggja fram greinargerð fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 173. gr.

c. (169. gr.)

1. Sá sem leitar áfrýjunarleyfis skv. 1. og 2. mgr. 167. gr. skal senda Hæstarétti skriflega umsókn um það ásamt áfrýjunarstefnu sem hann vill fá gefna út og endurriti dómsins. Í umsókninni skal rökstutt hvernig umsækjandi telur skilyrðum fyrir áfrýjunarleyfi fullnægt.

2. Hæstiréttur getur gefið öðrum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn áður en ákvörðun er tekin.

3. Synji Hæstiréttur um áfrýjunarleyfi getur sami aðili ekki sótt um það öðru sinni.

4. Nú er áfrýjunarleyfi veitt og skal þá gefa út áfrýjunarstefnuna sem fylgdi umsókn og árita hana um leyfisveitinguna. Hæstiréttur verður ekki krafinn um rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun.

5. Ef synjað er um áfrýjunarleyfi skal þeim sem sótti um það tilkynnt bréflega um þá niðurstöðu. Í tilkynningunni skal greint frá ástæðum fyrir synjuninni.

d. (170. gr.)

1. Í áfrýjunarstefnu skal greina:

- a. heiti og númer sem málið bar á fyrra dómstigi, fyrir hvaða dómstól var leyst úr málinu og hvenær dómur var kveðinn upp í því,
- b. nöfn aðila, kennitölu og heimili eða dvalarstað, svo og nöfn fyrirsvaramanna þeirra, ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða dvalarstað,
- c. hver eða hverjir flytji málið fyrir áfrýjanda,
- d. í hverju skyni áfrýjað er og hverjar dómkröfur áfrýjandi gerir,
- e. hvenær stefndi verði í síðasta lagi að tilkynna Hæstarétti að hann hafi í hyggju að halda uppi vörnum í málinu, en skrifstofa Hæstaréttar ákveður dagsetningu í þessu skyni við útgáfu stefnu,
- f. hverju það varði að stefndi komi ekki fram tilkynningu skv. e-lið.

2. Afhenda skal skrifstofu Hæstaréttar tvö eintök af áfrýjunarstefnu sem Hæstiréttur fær haldið eftir.

3. Skrifstofa Hæstaréttar gefur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins. Synjað skal um útgáfu áfrýjunarstefnu ef hún telst ekki vera í réttu horfi. Getur hann ákveðið skamman frest handa áfrýjanda til að bæta úr áfrýjunarstefnu. Frestur í þessu skyni skal ekki vera lengri en ein vika og verður aðeins veittur í eitt skipti. Áfrýjandi getur krafist ákvörðunar Hæstaréttar um synjun um útgáfu áfrýjunarstefnu.

4. Áfrýjunarstefnu verður að birta ekki síðar en viku áður en frestur handa stefnda skv. e-lið 1. mgr. er á enda. Að öðru leyti gilda ákvæði XIII. kafla um birtingu áfrýjunarstefnu.

e. (171. gr.)

1. Eftir birtingu áfrýjunarstefnu en áður en fresti stefnda skv. e-lið 1. mgr. 170. gr. lýkur skal áfrýjandi afhenda Hæstarétti stefnuna ásamt sönnun fyrir birtingu hennar, svo og greinargerð af sinni hálfu. Einnig skal hann þá skila málgögnum í þeim fjölda eintaka sem Hæstiréttur ákveður, en til þeirra teljast þau máls skjöl og endurrit sem áfrýjandi hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og liggja þegar fyrir. Mál er þá þingfest fyrir Hæstarétti. Ef mál, sem hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar, verður ekki þingfest, það fellur þar niður eða því er vísað þaðan frá dómi er aðila heimilt að skjóta því þangað aftur þótt áfrýjunarfrestur sé þá liðinn. Ber þá að fá áfrýjunarstefnu gefna út á ný innan fjögurra vikna frá því málið átti að þingfesta eða uppkvaðningu dóms um niðurfellingu þess eða frávísun. Þessari heimild verður ekki beitt oftar en einu sinni í máli
2. Í greinargerð áfrýjanda skal koma fram:
 - a. Í hverju skyni sé áfrýjað og hvers áfrýjandi krefjist nákvæmlega fyrir Hæstarétti,
 - b. Málsástæður sem áfrýjandi ber fyrir sig fyrir Hæstarétti. Lýsing þeirra skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála á hverju áfrýjun sé byggð, en eftir atvikum getur áfrýjandi vísað um þær til tiltekinna skjala málsins. Felli áfrýjandi sig ekki við lýsingu annarra atvika í hinum áfrýjaða dómi skal hann á sama hátt greina frá hvernig hann telji þeim réttilega lýst.
 - c. Tilvísun til helstu réttarreglna sem áfrýjandi byggir málalíbúnað sinn á fyrir Hæstarétti.
 - d. Gögn sem áfrýjandi leggur til þegar fram fyrir Hæstarétti, svo og gögn sem hann telur sig þurfa að afla eftir þann tíma.
3. Þegar mál hefur verið þingfest beinir skrifstofa Hæstaréttar því til þess dómstóls, þar sem leyst var úr máli, að afhenda Hæstarétti dómsgerðir.
4. Hæstiréttur setur nánari reglur um frágang málgagna og dómsgerða.

f. (172. gr.)

1. Nú lætur áfrýjandi undir höfuð leggjast að afhenda Hæstarétti áfrýjunarstefnu, greinargerð eða málgögn samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. 171. gr. og verður þá ekki frekar af máli.
2. Ef ekki er sótt þing af hálfu áfrýjanda á síðara stigi verður málið fellt niður með dómi. Hafi stefndi skilað greinargerð í málinu má dæma honum málskostnað úr hendi áfrýjanda.

g. (173. gr.)

1. Nú hyggst stefndi skila greinargerð í máli, og skal þá bréfleg tilkynning hans um það berast Hæstarétti innan frests sem honu var settur í þessu skyni í áfrýjunarstefnu. Þegar mál er þingfest ákveður skrifstofa Hæstaréttar stefnda frest í fjórar til sex vikur til að skila greinargerð. Áfrýjanda skal tilkynnt um þann frest sem stefnda er veittur. Áfrýjandi skal eigi síðar en við þingfestingu afhenda stefnda eintak málgagna sem lögð eru fram fyrir Hæstarétti.

2. Gagnáfrýjun veitir ekki stefnda rétt til sjálfstæðs frests.

3. Berist Hæstarétti ekki tilkynning skv. 1. mgr. eða skili stefndi ekki greinargerð innan þess frests sem honum hefur verið settur skal litið svo á að hann krefjist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Skal málið þá dómtekið, en fyrst má þó veita áfrýjanda skamman frest til að ljúka gagnaöflun sem hann hefur boðað í greinargerð. Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna án munnlegs flutnings.

4. Hafi stefndi skilað greinargerð en þingsókn fellur niður af hans hálfu á síðara stigi málsins má gefa áfrýjanda kost á að svara vörnum hans í skriflegri sókn og ljúka gagnaöflun. Skal málið síðan dómtekið og dómur lagður á það eftir framkomnum kröfum, gögnum og sókn áfrýjanda með tilliti til þess sem hefur komið fram af hálfu stefnda.

5. Nú hefur stefni ekki skilað greinargerð og getur þá Hæstiréttur allt að einu heimilað honum að taka til varna í máli með eða án samþykkis áfrýjanda, enda séu miklir hagsmunir í húfi fyrir hann og vanræksla hans þyki afsakanleg. Eins má fara að ef þingsókn stefnda fellur niður á síðara stigi máls.

h. (174. gr.)

1. Í greinargerð stefnda skal koma fram:

- a. hver eða hverjir flytji málið fyrir stefnda,
- b. kröfugerð stefnda, en í þeim efnunum skal skýrlega tekið fram hvort og þá hvers vegna hann breyti kröfum frá þeim sem hann gerði á fyrra dómstigi, svo og hvort hann samþykki kröfur áfrýjanda í einhverjum atriðum og þá nákvæmlega hverjum,
- c. málsástæður sem stefndi ber fyrir sig fyrir Hæstarétti, en lýsing þeirra skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála á hverju hann byggir. Felli stefndi sig ekki við lýsingu annarra atvika máls í hinum áfrýjaða dómi eða eftir atvikum áfrýjunarstefnu skal hann geta á sama hátt hvernig hann telji atvikum réttilega lýst,
- d. tilvísun til helstu réttarreglna sem stefndi byggir málatilbúnað sinn á fyrir Hæstarétti,
- e. athugasemdir við málatilbúnað áfrýjanda ef þeirra er þörf,
- f. gögn sem stefndi telur sig þurfa að afla síðar.

2. Með greinargerð skal stefndi afhenda málgögn í þeim fjölda eintaka sem Hæstiréttur ákveður, en til þeirra teljast þau málsskjöl og endurrit sem hann hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og liggja þegar fyrir, enda hafi áfrýjandi ekki þegar afhent þau. Skal stefndi senda áfrýjanda eintak af greinargerð og öðrum málgögnum sem hann leggur fram.

3. Ákvæði 4. mgr. 171. gr. gilda um málgögn stefnda.

i. (175. gr.)

1. Áfrýjanda skal tilkynnt þegar Hæstarétti hafa borist greinargerð og málgögn stefnda. Hafi aðilar ekki þegar lýst gagnaöflun lokið skal þeim um leið veittur sameiginlegur frestur til frekari gagnaöflunar. Sá frestur skal að jafnaði ekki vera lengri en einn mánuður. Hvor aðili um sig skal afhenda í einu lagi ný gögn sín í frumriti og ljósrít eða eftirrit þeirra í sama búningi og segir í 171. gr. og 174. gr. Hæstiréttur tilkynnir aðilum um gögn sem berast innan þessa frests, en að honum liðnum telst gagnaöflun sjálfkrafa lokið nema áður hafi verið fallist á skriflega ósk aðila um lengri frest eða dómurinn beinir því síðar til aðila að hann megi afla tiltekinna gagna. Hæstiréttur getur þó heimilað aðila að leggja fram ný gögn eftir lok gagnaöflunar ef ekki var

unnt að afla þeirra fyrr eða atvik hafa breyst svo að máli skiptir eftir þann tíma. Aðilar skulu jafnframt senda gagnaðila eftirrit gagnanna.

2. Strax og gagnaöflun er lokið skal hvor aðili um sig tilkynna Hæstarétti hve langan tíma hann áætli að hann þurfi til að flytja munnlega málflutningsræðu í málinu.

3. Ef þörf krefur tekur Hæstiréttur mál fyrir á dómþingi til að ráða til lykta atriðum varðandi rekstur þess. Skulu aðilar kvaddir fyrir dóm með hæfilegum fyrirvara í þessu skyni.

j. (176. gr.)

1. Þegar gagnaöflun er lokið í máli þar sem stefndi skilar greinargerð ákveður Hæstiréttur hvenær það verði flutt og tilkynnir aðilum um það með hæfilegum fyrirvara.

2. Að jafnaði skal flytja mál um formsatriði þess áður en það verður tekið til frekari meðferðar að efni til. Hæstiréttur getur þó ákveðið að mál verði flutt í einu lagi um formsatriði og efni eða taka formsatriði til úrlausnar án sérstaks málflutnings, enda hafi aðilar þá áður átt kost á að tjá sig um það.

3. Ef stefndi hefur skilað greinargerð í máli verður það flutt munnlega. Hæstiréttur getur þó ákveðið að mál verði skriflega flutt ef sérstakar ástæður mæla með því. Hæstiréttur getur einnig tekið til greina samhljóða óskir aðila um að málið verði dómtekið án sérstaks málflutnings.

4. Um leið og boðað er til málflutnings getur Hæstiréttur beint til aðila að þeir afhendi hvor um sig með tilteknum fyrirvara stutt yfirlit um atvik máls í tímaröð, málsástæður sínar og tilvísanir til réttarreglna, svo og um tilvitnanir í fræðirit og dóma sem þeir hyggjast styðjast við í málflutningi.

5. Hæstiréttur getur takmarkað ræðutíma aðila við munnlegan flutnings máls. Þegar boðað er til málflutnings má taka fram hver langan tíma aðilar fá hvor um sig til umráða.

k. (177. gr.)

1. Áður en munnlegur málflutningur hefst á dómþingi skal gerð grein fyrir dómsorði hins áfrýjanda dóms og áfrýjunarstefnu að því leyti sem forseti telur þess þörf til skýringar á málflutningi. Að því loknu verða málflutningsræður fluttar.

2. Frumræða verður fyrst flutt af hálfu áfrýjanda og síðan af hálfu stefnda nema forseti hafi ákveðið aðra röð og aðilum verið það tilkynnt við boðun til málflutnings. Eftir frumræður skal gefinn kostur á að fram komi stutt andsvör af hálfu hvors aðila í sömu röð. Flytji lögmaður málið af hálfu aðila getur forseti heimilað aðilanum sjálfum eða fyrirsvarsmanni hans að koma að stuttu athugasemdum að loknum andsvörum lögmanns hans.

3. Í málflutningi skal gera grein fyrir kröfum, í hverju ágreiningsefni aðilanna felast, málsástæðum og öðrum röksemdum fyrir kröfu. Skal forðast málalengingar og málflutningi beint að þeim atriðum sem ágreiningur er um eða nauðsynlegt er að fjalla um til að varpa ljósi á ágreiningsefni.

4. Forseti stýrir þinghaldi. Hann getur krafist að málflytjandi haldi sig við efnið og láti vera að fjalla um þá þætti máls sem ágreiningur er ekki um eða ástæðulaust er af öðrum sökum að gera frekari grein fyrir. Forseti getur stöðvað málflutning ef ræður verða langar úr hófi fram eða sett honum tímatakmark og við þau bundið enda á málflutning.

5. Að loknum málflutningi tekur Hæstiréttur málið til dóms.

l. (178. gr.)

1. Dómar Hæstaréttar skulu byggðir á því sem hefur komið fram í máli og er sannað eða viðurkennt. Ákvæði 111. gr. gilda um dóma Hæstaréttar.

2. Nú hefur aðili borið fram kröfur eða málsástæður sem hann hafði ekki uppi á fyrra dómstigi og getur þá Hæstiréttur byggt á þeim við úrlausn máls ef þær hafa komið fram í greinargerð

aðilans, grundvelli máls er ekki raskað á þann hátt, afsakanlegt er að þær voru ekki hafðar uppi á fyrr dómstigi og það yrði aðilanum til réttarspjalla að ekki yrði tekið tillit til þeirra.

m. (179. gr.)

1. Að því leyti sem þarf að taka afstöðu til atriða varðandi rekstur máls fyrir Hæstarétti ræður hann þeim til lykta með ákvörðun, hvort sem ágreiningur er um þau milli aðila eða ekki, enda leiði ákvörðunin ekki til loka máls fyrir dóminum. Ákvörðun verður ekki rökstudd sérstaklega, en um efni hennar skal getið í þingbók eftir þörfum.

2. Úr öðrum atriðum máls leysir Hæstiréttur með dómi, Ef mál er fellt niður eða því er vísað frá Hæstarétti skal aðeins getið um ástæður þess í dómi, svo og um málskostnað ef því er að skipta. Sama gildir ef dómur er ómerktur og máli vísað heim eða því er vísað frá dómi.

3. Sé kveðið á í dómi um önnur málalok en getur í 2. mgr. skal greina þar frá kröfum aðila eftir því sem þörf er á svo að niðurstaða verði skýr. Að því leyti sem greinargerð um málsatvik er ábótavant í hinum áfrýjaða dómi skal bætt úr því í dómi Hæstaréttar. Ef og að því leyti sem niðurstöðu hins áfrýjaða dóms er breytt skal það rökstutt í dómi Hæstaréttar. Fallist Hæstiréttur á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms en ekki á röksemdir fyrir henni getur hann greint frá rökum sínum eftir því sem þykir þörf.

4. Um dóma Hæstaréttar gilda að öðru leyti ákvæði 114. gr. eftir því sem getur átt við.

n. (180. gr.)

1. Dóm skal kveða upp svo fljótt sem er unnt eftir að mál er dómtekið og aldrei síðar en þegar fjórar vikur eru liðnar frá því. Verði því ekki komið við og hafi mál verið munnlega flutt skal endurtaka málfutning að því leyti sem Hæstarétti þykir nauðsynlegt.

2. Strax eftir dómstöðu máls skulu dómara ræða með sér fyrir luktum dyrum röksemdir og niðurstöðu dóms. Fyrir málfutning felur forseti einum dómara að vera frummælandi á þeim fundi, en forseti stýrir fundinum, ber fram spurningar, stuðlar að því að álit hvers dómara komi þar sem skýrast fram og telur atkvæði þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum. Að lokinni umræðu skal frummælandi semja atkvæði sitt að dómi. Aðrir dómara skulu síðan í eigin nafni taka afstöðu til atkvæðis frummælanda með eigin rökstuðningi eftir því sem tilefni er til. Lendi frummælandi í minnihluta um niðurstöðu máls skulu þeir sem mynda meirihluta velja annan frummælandi í hans stað. Dómara ganga í sameiningu frá dómi.

3. Við uppkvaðningu dóms skal lesa upp dómsorð í heyranda hljóði á dómþingi eftir því sem þörf þykir. Ef sératkvæði er í dómi skal þess einnig getið.

o. (181. gr.)

Um meðferð áfrýjunarmála fer að öðru leyti eftir reglum þessara laga um meðferð mála í héraði eftir því sem á við.

24. gr.

Á ákvæðum XXVII. kafla laganna, er verður XXVIII. kafli, verða eftirfarandi breytingar:

a. 169. gr. laganna, er verður 184. gr., orðast svo:

1. Endurupptökunefnd samkvæmt lögum um dómstóla getur leyft samkvæmt beiðni aðila að mál sem dæmt hefur verið í Landsrétti eða Hæstarétti verði tekið þar til meðferðar og dómuppsögu að nýju ef fullnægt er þeim skilyrðum sem greinir í 182. gr. Mál verður ekki endurupptekið í Landsrétti nema frestur til að leita áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar sé liðinn eða Hæstiréttur hafi synjað um áfrýjunarleyfi.

2. Aðili getur ekki óskað eftir endurupptöku máls skv. 1. mgr. nema einu sinni. Að öðru leyti getur aðili ekki afsalað sér rétti til að beiðast endurupptöku.

3. Ákvæði 1. – 3. mgr. 183. gr. gilda um beiðni um endurupptöku, meðferð beiðni, ákvörðun um hana og áhrif endurupptöku.

4. Nú hefur endurupptaka verið ákveðin en útivist verður við nýja meðferð málsins fyrir Landsrétti eða Hæstarétti af hendi þess sem beiðdist hennar og fellur þá frekari meðferð málsins niður þannig að fyrri dómur stendur óhaggaður. Dómur skal hins vegar felldur á málið þótt gagnaðili sæki ekki þing.

5. Að öðru leyti fer meðferð málsins fram á ný fyrir Landsrétti eða Hæstarétti samkvæmt reglum XXIV. eða XXV. kafla þessara laga eftir því sem á við.

- b. Fyrirsögn kaflans verður: **Endurupptaka máls sem hefur verið dæmt í Landsrétti eða Hæstarétti.**

II. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, með síðari breytingum

25. gr.

Á ákvæðum I. kafla laganna, sem hefur fyrir sögnina **Gildissvið laganna og dómendur í héraði**, verða eftirfarandi breytingar:

- a. Á eftir orðunum „starfsmenn Hæstaréttar,“ í 2. másl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: landsréttardómara, starfsmenn Landsréttar, og á eftir orðunum „viðurkenndum trúfélögum“ kemur: og skráðum lífskoðunarfélögum, og í stað orðanna „né heldur“ kemur: eða.

26. gr.

Á ákvæðum II. kafla laganna, sem hefur fyrir sögnina **Þinghöld, þingbækur o.fl.**, verða eftirfarandi breytingar:

- a. 3. mgr. 13. gr. orðast svo:

Það sem kemur fram við munnlega sönnunarfærslu skal tekið upp í hljóði og mynd, sbr. þó 2. og 3. mgr. 117. gr. Dómari getur þó í undantekningartilfellum ákveðið að taka upp eða skrá útdrátt sinn af framburði, en hlutaðeiganda skal þá gefinn kostur á að koma að athugasemdum um það sem er haft eftir honum og um framkvæmd skýrslutökunnar.
- b. 15. gr. laganna orðast svo: Dómabækur, þingbækur, framlögð skjöl, hljóð- og myndupptökur skulu varðveitt í skjalasafni hlutaðeigandi dómstóls þar til þau verða afhent Þjóðskjalasafni.
- c. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 1. másl. 4. mgr. 16. gr. laganna kemur: æðri dóms.
- d. Í stað orðanna „myndbanda og mynddiska“ í e-lið 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: og myndupptaka.

27. gr.

Á ákvæðum III. kafla laganna, sem hefur fyrir sögnina **Ákærvaldið**, verða eftirfarandi breytingar:

- a. 4. mgr. 21. gr. orðast svo:

Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um áfrýjun héraðsdóms til Landsréttar og eftir atvikum Hæstaréttar, svo og um kærú til Landsréttar í málum sem hann hefur höfðað.
- b. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 6. mgr. 23. gr. laganna og 5. mgr. 24. gr. kemur: Landsréttar.
- c. Á undan orðinu „Hæstarétti“ í 1. másl. 4. mgr. 25. gr. laganna kemur: Landsrétti og, og á undan orðinu „Hæstarétti“ 3. másl. sömu málsgrein kemur: Landsrétti eða.
- d. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 5. mgr. 25. gr. laganna kemur: Landsrétti.

28. gr.

Á ákvæðum IV. kafla laganna, sem hefur fyrir sögnina **Sakborningur og verjandi**, verða eftirfarandi breytingar:

- a. Í stað orðsins „héraðsdómur“ í 5. mgr. 31. gr. kemur: dómur.
- b. Í stað orðsins „héraðsdómi“ í 6. mgr. 31. gr. kemur: dómi, og í stað orðsins „Hæstarétti“ í sömu málsgrein kemur: æðra dómi.
- c. Í stað „216. gr.“ í 3. mgr. 38. gr. kemur: 228. gr.

29. gr.

Í stað „216. gr.“ í 3. mgr. 48. gr. laganna kemur: 228. gr.

30. gr.

Í stað orðanna „héraðsdóms í Reykjavík“ í 1. mgr. 49. gr. laganna kemur: Héraðsdóms Reykjavíkur.

31. gr.

Á ákvæðum XIV. kafla laganna, sem hefur fyrir sögnina **Gæsluvarðhald og aðrar sambærilegar ráðstafanir**, verða eftirfarandi breytingar:

- a. 2. málsl. 3. mgr. 97. gr. laganna orðast svo:
Eftir kröfu ákæranda getur héraðsdómari þó úrskurðað að gæsluvarðhald skuli haldast meðan á áfrýjunarfresti skv. 199. gr. stendur, svo og meðan mál er til meðferðar fyrir æðri dómi uns endanlegur dómur er upp kveðinn.
- b. 4. málsl. 2. mgr. 100. gr. laganna orðast svo:
Eftir kröfu ákæranda getur héraðsdómari þó úrskurðað að hún skuli haldast meðan á áfrýjunarfresti skv. 199. gr. stendur, svo og meðan mál er til meðferðar fyrir æðri dómi uns endanlegur dómur er upp kveðinn.

32. gr.

Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 107. gr. laganna kemur: Landsréttar.

33. gr.

Á ákvæðum XVIII. kafla laganna, sem hefur fyrir sögnina **Vitni**, verða eftirfarandi breytingar:

- a. 4. mgr. 116. gr. laganna orðast svo:
Nú er það verulegum erfiðleikum háð fyrir vitni að koma fyrir dóm og getur þá dómari ákveðið að skýrsla verði tekin af því á dómþingi gegnum síma eða annað fjarskiptatæki, enda verði skýrslutöku hagað þannig að allir sem eru staddir á dómþingi heyri orðaskipti við vitnið. Skal þá vitni sanna deili á sér og tryggt að aðstæður þess séu þannig að vitni geti einbeitt sér að skýrslugjöfnum. Þessari heimild verður þó ekki beitt ef ætla má að úrslit máls geti ráðist af framburði vitnisins.
- b. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í síðasta málslið 8. mgr. 122. gr. laganna kemur: æðri dóms.

34. gr.

Á undan orðinu „sönnunargagna“ í 1. mgr. 141. gr. laganna kemur: skriflegra, og í stað orðsins „Hæstarétti“ kemur: æðra dómi.

35. gr.

Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 3. mgr. 153. gr. laganna kemur: æðri dómi.

36. gr.

Á ákvæðum XVIII. kafla laganna, sem hefur fyrir sögnina **Almenn meðferð máls fyrir dómi**, verða eftirfarandi breytingar:

- a. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 4. mgr. 159. gr. laganna kemur: Landsréttur.
- b. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 3. mgr. 163. gr. laganna kemur: Landsréttar.

37. gr.

Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 1 mgr. 181. gr. laganna kemur: Landsréttar.

38. gr.

Á ákvæðum XXIX. kafla laganna, sem hefur fyrir sögnina **Endurupptaka útvistarmáls í héraði**, verða eftirfarandi breytingar:

- a. Orðin „til Hæstaréttar“ í 2. mgr. 187. gr. laganna, falla brott.
- b. Í stað orðanna „ákvörðun Hæstaréttar skv.“ í 3. mgr. 187. gr. laganna kemur: leyfi samkvæmt XXXI eða XXXII. kafla.
- c. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 2. mgr. 189. gr. laganna kemur: æðri dóms.

d. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 3. mgr. 191. gr. laganna kemur: æðri dóms.

39. gr.

Á ákvæðum XXX. kafla laganna, sem hefur fyrisögnina **Kæra**, verða eftirfarandi breytingar:

- a. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í inngangsmálslið 1. mgr. 192. gr., 3. mgr. 193. gr. og 1. mgr. 194. gr. laganna kemur: Landsréttar.
- b. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 4. mgr. 192. gr., tvívegis í 2. mgr. 194. gr., 3. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 195. gr. laganna kemur: Landsrétti.
- c. Á eftir orðunum „afrit af greinargerðinni“ í 3. mgr. 194. gr. laganna kemur: og nýjum gögnum.
- d. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 2. mgr. og 3. mgr. 195. gr. laganna kemur: Landsréttur.

40. gr.

Fyrisögn XXXI. kafla laganna verður: **Áfrýjun til Landsréttar.**

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 196. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í inngangsmálslið 1. mgr. kemur: Landsréttar.
- b. Í stað orðanna „annarra gagna en“ í c-lið 1. mgr. kemur: gagna eða.

42. gr.

Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 2. mgr. 198. gr.“ kemur: Landsréttar.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 199. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 2. mgr. kemur: Landsrétti, og í stað orðanna „héraðsdómi áfrýjað af hans hálfu“ í lokamálslið sömu málsgreinar kemur: áfrýjunarfrestur rofinn.
- b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Þegar ákærði óskar eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar, sbr. 2. mgr. 212. gr., rofnar áfrýjunarfrestur. Hafni Hæstiréttur beiðni um áfrýjunarleyfi heldur frestur til áfrýjunar til Landsréttar áfram að líða að nýju frá þeim tíma er ákvörðun Hæstaréttar er tilkynnt aðila, sbr. 3. mgr. 213. gr. Frestur til að leita áfrýjunar til Landsréttar í kjölfar synjunar Hæstaréttar skal þó aldrei vera skemmri en tvær vikur.
- c. Á eftir 3. mgr., sem verður 4. mgr., kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Skal útgáfa áfrýjunarstefnu staðfest af Landsrétti innan frestsins með áritun á frumrit hennar.
- d. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 4. mgr., sem verður 6. mgr., kemur: Landsrétti.
- e. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 5. mgr., sem verður 7. mgr., kemur: Landsréttur.

44. gr.

Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 1. mgr. og 2. mgr. 200. gr. laganna kemur: Landsréttar, og í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 3. mgr. 200. gr. kemur: Landsréttur.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 201. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 1. mgr., e-lið 2. mgr. og 5. mgr. kemur: Landsrétti.
- b. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 4. mgr. kemur: Landsréttar.
- c. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ þrisvar sinnum í 5. mgr. kemur: Landsréttur.

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 202. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Þegar ríkissaksóknara hafa borist dómsgerðir skv. 1. mgr. og verjandi hefur verið skipaður skal ríkissaksóknari í samráði við verjanda búa til málgögn en til þeirra teljast afrit þeirra málskjala, endurrit sem og hljóð- og myndupptökur af munnlegum framburðum fyrir héraðsdómi, sem aðilarnir telja þörf á við úrlausn málsins eins og áfrýjun er háttáð. Landsrétti skulu síðan afhent málgögn í þeim fjölda eintaka sem hann telur þörf á, svo og dómsgerðir.

b. Í stað orðsins „Hæstaréttur“ í 3. mgr. kemur: Landsréttur.

47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 203. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 1. mgr. og 3. mgr. kemur: Landsréttur.

b. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 1. mgr., a-lið 2. mgr. og d-lið 2. mgr. kemur: Landsrétti.

c. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 1. mgr. kemur: Landsréttar, og í stað orðsins „Hæstarétt“ í 3. mgr. kemur: Landsrétt.

d. Á eftir d-lið 2. mgr. bætist við nýr stafliður, svohljóðandi:

Hvort hann telji nauðsynlegt að afla munnlegra skýrslna fyrir Landsrétti, og þá hverra, ásamt rökstuðningi þar að lútandi, þ. á m. fyrir því hvers vegna ekki sé nægilegt að byggja á upptökum, sbr. 3. mgr. 13. gr.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 205. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 1. mgr. kemur: Landsrétti.

b. 2. mgr. orðast svo:

Nú er ákveðinn munnlegur flutningur og skulu þá aðilar tilkynna Landsrétti að fram komnum greinargerðum þeirra beggja eða allra hve langan tíma þeir áætli hvor eða hver fyrir sitt leyti að þurfi til að flytja málflytningarsæðu. Landsréttur ákveður hvenær munnlegur málflytningur fer fram, hvort og þá hvaða skýrslur verði teknar fyrir dóminum og skal tilkynna það aðilum með hæfilegum fyrirvara. Um tilhögun skýrslutöku fer að öðru leyti eftir ákvæðum VII. og VIII. kafla laganna. Um leið skal aðilum tilkynnt hve langan tíma þeir fái til að flytja málflytningarsæður ef ekki er fallist á óskir þeirra í þeim efnum. Landsréttur getur við sama tækifæri beint til aðila að þeir afhendi hvor eða hver um sig með tilteknum fyrirvara stutt yfirlit um atvik máls í tímaröð, helstu röksemdir sínar og tilvísanir í fræðirit og dóma sem þeir hyggjast styðjast við í málflytningu.

c. 3. mgr. fellur brott.

49. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 206. gr. laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Áður en munnlegur málflytningur hefst á dómþingi skal gerð grein fyrir dómsorðum héraðsdóms og áfrýjunarstefnu að því leyti sem dómsformaður telur þess þörf til skýringar á málflytningu. Við aðalmeðferð máls skal að jafnaði fara fram í einni lotu skýrslutökur og munnlegur flutningur. Fyrst skulu teknar skýrslur af ákærða og vitnum og gengið á vettvang ef því er að skipta. Verður svo flutt frumræða af hálfu ákærvalds, síðan ef því er að skipta af hálfu þess sem gerir kröfu skv. XXVI. kafla og loks af hálfu ákærða nema dómsformaður hafi ákveðið aðra röð og aðilum verið tilkynnt það með hæfilegum fyrirvara fyrir málflytningu. Eftir frumræður eiga aðilar kost á að færa fram stutt andsvör í sömu röð. Flytji verjandi málið af hálfu ákærða getur dómsformaður heimilað ákærða sjálfum að koma að stuttum athugasemdum að loknum andsvörum verjanda.

- b. Í stað orðsins „Forseti“ tvívegis í 3. mgr. kemur: Dómsformaður.
- c. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 4. mgr. kemur: Landsréttur.

50. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 207. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 1. mgr. og 2. mgr. kemur: Landsrétti.
- b. Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 2. mgr. og 3. mgr. kemur Landsréttur.
- c. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ tvívegis 3. mgr. og einu sinni í 4. mgr. kemur: Landsréttar.

51. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 208. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Landsréttar, og í stað orðsins „Hæstiréttur“ í lokamálslið 1. mgr. kemur: Landsréttur.
- b. 2. mgr. og 3. mgr. falla brott.

52. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 209. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 1. mgr. kemur: Landsrétti.
- b. 2. mgr. orðast svo:
 - 2. Strax eftir dómtöku máls skulu dómáramar ræða með sér fyrir luktum dyrum röksemdir og niðurstöðu dóms. Dómsformaður er Fyrir málflutning felur dómsformaður einum dómara að vera frummælandi á þeim fundi, stýrir honum en dómsformaður stýrir fundinum, ber fram spurningar, stuðlar að því að álit hvers dómara komi þar sem skýrast fram og telur atkvæði þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum. Að lokinni umræðu semur frummælandi dómsformaður atkvæði að dómi. Greinist dómáramar í meiri og minni hluta semur frummælandi dómsformaður atkvæði fyrir þann hluta sem hann heyrir til, en hinir dómáramarnir ákveða hver þeirra semji atkvæði þeirra, myndi þeir meirihluta. Dómari, sem greiðir atkvæði með ómerkingu héraðsdóms eða frávísun máls og verður í minni hluta, verður einnig að greiða atkvæði um efni máls. Dómáramar ganga í sameiningu frá dómi, með eða án sératkvæða.

53. gr.

210. gr. laganna orðast svo:

Eftir því sem átt getur við fer að öðru leyti um meðferð og úrlausn sakamála fyrir Landsrétti eftir ákvæðum þessara laga um meðferð máls í héraði.

54. gr.

Á eftir XXXI. kafla laganna kemur nýr kafli, XXXII. kafli, með fyrirsögninni **Áfrýjun til Hæstaréttar**, með tólf greinum, 211. gr. – 222. gr., svohljóðandi, og breytist númer annarra kafla og greina samkvæmt því:

- a. (211. gr.)

Heimilt er bæði ákærða og ríkissaksóknara að óska eftir leyfi til að áfrýja áfellsdómi Landsréttar til Hæstaréttar. Hæstiréttur ákveður hvort orðið verði við umsókn um áfrýjunarleyfi og skal við mat á því líta til þess hvort úrslit málsins hafi verulegt almennt gildi.

Í stað áfrýjunar til Landsréttar er ákærða og ríkissaksóknara heimilt að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að áfrýja áfellsdómi héraðsdóms beint til Hæstaréttar. Ríkissaksóknara er jafnframt heimilt að óska eftir leyfi til að áfrýja dómi um sýknu ákærða. Skilyrði þess að orðið

sé við slíkri beiðni er að úrslit málsins hafi verulegt almennt gildi og að ekki sé þörf á endurskoðun sönnunargildis munnlegs framburðar.

b. (212. gr.)

Nú vill ákærði leita leyfis Hæstaréttar til að áfrýja dómi og skal hann þá senda ríkissaksóknara tilkynningu samkvæmt 2. mgr. 199. gr. ásamt skriflegri umsókn um leyfið þar sem rökstutt skal ítarlega hvernig ákærði telur að skilyrðum fyrir áfrýjunarleyfi sé fullnægt. Umsókn hans ásamt tilkynningu um áfrýjun verður að berast ríkissaksóknara innan áfrýjunarfrests sem þar með telst rofinn.

Leiti ríkissaksóknari áfrýjunarleyfis skal hann beina til Hæstaréttar skriflegri umsókn um það. Skal hún vera sama efnis og um ræðir í 1. mgr. Umsóknin verður að berast réttinum innan áfrýjunarfrests sem þar með telst rofinn.

Hæstiréttur gefur öðrum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn um áfrýjunarleyfi. Þegar meðferð umsóknar er lokið tilkynnir rétturinn aðilunum skriflega um niðurstöðuna. Sé leyfið veitt verður ekki krafist rökstuðnings fyrir þeirri ákvörðun en sé umsókn hafnað skal greint frá ástæðum þess í tilkynningu til aðilanna.

c. (213. gr.)

Ríkissaksóknari er sóknaraðili máls fyrir Hæstarétti, hvort sem hann hefur sjálfur áfrýjað héraðsdómi eða ákærði.

Þegar áfrýjun er ráðin gefur ríkissaksóknari út áfrýjunarstefnu þar sem skal greina:

- a. heiti og númer sem málið bar á fyrra dómstigi og hvenær dómur var kveðinn upp,
- b. nafn ákærða, kennitölu eða fæðingardag og heimili, svo og hver komi fram fyrir hans hönd við áfrýjun skv. 2. mgr. 197. gr. ef því er að skipta,
- c. hver áfrýjar dómi og nákvæmlega í hverju skyni það sé gert,
- d. ef því er að skipta hvert sé nafn, kennitala og heimili þess sem haft hefur uppi kröfu skv. XXVI. kafla sem dæmd hefur verið að efni til á fyrra dómstigi.
- e. að málið verði tekið til meðferðar í Hæstarétti í samræmi við tilkynningar sem aðilunum verði á síðari stigum sendar þaðan.

Hafi ríkissaksóknari áfrýjað dómi skal hann svo fljótt sem verða má fá áfrýjunarstefnu birta fyrir ákærða. Skal ákærða um leið gefinn kostur á að bera fram ósk um verjanda eða greina ella frá ósk sinni um að fá að flytja mál sitt sjálfur.

Hafi krafa skv. XXVI. kafla verið dæmd að efni til á fyrra dómstigi skal ríkissaksóknari láta birta áfrýjunarstefnu fyrir þeim sem með kröfuna fer. Sé um brotþola að ræða skal honum um leið gefinn kostur á að bera fram ósk um réttargæslumann þá þegar eða með tilkynningu til Hæstaréttar.

Að því búnu sem að framan greinir sendir ríkissaksóknari Hæstarétti áfrýjunarstefnuna með sönnun fyrir birtingu hennar ásamt endurriti af dómi á fyrra dómstigi og tilkynningu ákærða um áfrýjun ef því er að skipta. Hæstiréttur skipar ákærða verjanda nema hann hafi óskað eftir að flytja mál sitt sjálfur, enda sé hann hæfur til þess að mati réttarins. Ef því er að skipta skipar Hæstiréttur enn fremur brotþola réttargæslumann ef skilyrði eru til þess. Að því búnu tilkynnir Hæstiréttur eftir því sem við á ríkissaksóknara, ákærða, verjanda, brotþola eða réttargæslumanni að málið hafi borist réttinum og hvaða auðkenni það hefur hlotið, svo og að tilkynnt verði frekar á síðara stigi um fresti hvers um sig til að leggja fram greinargerð í málinu af sinni hálfu.

d. (214. gr.)

Þegar áfrýjun er ráðin skal viðkomandi dómstóll verða við beiðni ríkissaksóknara um að afhenda honum dómsgerðir.

Þegar ríkissaksóknara hafa borist dómsgerðir skv. 1. mgr. og verjandi hefur verið skipaður skal ríkissaksóknari í samráði við verjanda annast frágang málgagna en til þeirra teljast afrit þeirra málskjala og endurrita sem aðilarnir telja þörf á við úrlausn málsins eins og áfrýjun er háttað. Hæstarétti skulu síðan afhent málgögn í þeim fjölda eintaka sem hann telur þörf á, svo og dómsgerðir.

Hæstiréttur setur nánari reglur um frágang málgagna og dómsgerða.

e. (215. gr.)

Þegar málgögn hafa verið afhent skal Hæstiréttur veita þeim aðila sem áfrýjað hefur tiltekinn frest til að skila greinargerð og gögnum sem hann kann enn að telja vanta og hann hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti. Þegar greinargerð og gögn hafa borist skal gagnaðila veittur frestur til að skila greinargerð og gögnum af sinni hálfu. Ef því er að skipta skal að lokum veita kröfuhafa skv. XXVI. kafla frest til að skila greinargerð og gögnum. Þegar greinargerð er skilað til Hæstaréttar skal sá sem það gerir senda öðrum þeim sem að framan er getið afrit af henni, svo og af gögnum sem fylgja henni.

Í greinargerð málsaðila skal koma fram:

- a. hvers krafist sé fyrir Hæstarétti,
- b. hvort hann felli sig við lýsingu málsatvika í hinum áfrýjaða dómi og röksemdir fyrir niðurstöðu en ef svo er ekki skal getið á stuttan og gagnorðan hátt í hverjum atriðum hann sé ósammála og hvernig hann rökstyðji í meginatriðum kröfur um breytingar á niðurstöðum hins áfrýjaða dóms.
- c. athugasemdir við málatilbúnað gagnaðila ef þeirra er þörf,
- d. hvort hann hyggist enn leggja ný gögn fram fyrir Hæstarétti á síðara stigi og hver þau séu þá í meginatriðum.

Málsaðilum er heimilt að leggja frekari gögn fyrir Hæstarétt en þau skuli þá afhent réttinum og kynnt gagnaðila ekki síðar en einni viku fyrir flutning máls. Frá þessu getur Hæstiréttur vikið ef sérstaklega stendur á, enda séu aðilar á það sáttir að ný gögn komi fram með skemmri fyrirvara. Ríkissaksóknara er þó jafnan heimilt að leggja fram nýtt sakavottorð ákærða við upphaf málflutnings.

f. (216. gr.)

Hæstiréttur getur kveðið upp dóm um frávísun máls frá réttinum vegna galla á málatilbúnaði þar fyrir dómi án þess að málflutningur fari áður fram. Á sama hátt getur Hæstiréttur ómerkt hinn áfrýjaða dóm ef verulegir gallar hafa verið á meðferð málsins á fyrri stigum þess og vísað því frá dómi ef undirbúningi undir málshöfðun hefur verið áfátt í meginatriðum.

Nú er málatilbúnaði áfátt, án þess að nauðsynlegt þyki þó að vísa máli frá eða ómerkja hinn áfrýjaða dóm og getur þá Hæstiréttur beint því aðila að afla gagna um tiltekin atriði eða grípa til annarra aðgerða til að ráða bót á því sem áfátt er.

Áður en málflutningur fer fram getur Hæstiréttur tekið mál fyrir á dómþingi eftir þörfum til að ráða til lykta atriðum varðandi rekstur þess. Skulu aðilar kvaddir fyrir dóm með hæfilegum fyrirvara í þessu skyni.

g. (217. gr.)

Mál skal að jafnaði flutt munnlega fyrir Hæstarétti. Rétturinn getur þó ákveðið að mál verði skriflega flutt ef sérstakar ástæður mæla með því. Hann getur einnig ákveðið að mál verði dómtekið án sérstaks málflutnings ef samhljóða óskir koma fram um það frá aðilum eða dómi er aðeins áfrýjað um ákvörðun viðurlaga.

Nú er ákveðinn munnlegur flutningur í máli og skulu þá aðilar tilkynna Hæstarétti að fram komnum greinargerðum þeirra beggja eða allra hve langan tíma þeir áætli hvor eða hver fyrir sitt leyti að þurfi til að flytja málflutningsræðu. Hæstiréttur ákveður hvenær munnlegur málflutningur fer fram og tilkynnir það aðilum með hæfilegum fyrirvara. Um leið skal aðilum tilkynnt hver langan tíma þeir fái til að flytja málflutningsræður ef ekki er fallist á óskir þeirra í þeim efnunum. Hæstiréttur getur við sama tækifæri beint til aðila að þeir afhendi hvor eða hver um sig með tilteknum fyrirvara stutt yfirlit um atvik máls í tímaröð, helstu röksemdir sínar og tilvísanir í fræðirit og dóma sem þeir hyggast styðjast við í málflutningi.

h. (218. gr.)

Áður en munnlegur flutningur hefst á dómþingi skal gerð grein fyrir dómsorðum hins áfrýjaða dóms og áfrýjunarstefnu að því leyti sem forseti telur þess þörf til skýringar á málflutningi. Verður svo flutt frumræða af hálfu ákærvalds, síðan ef því er að skipta af hálfu þess sem gerir kröfu skv. XXVI. kafla og loks af hálfu ákærða nema forseti hafi ákveðið aðra röð og aðilum verið tilkynnt það með hæfilegum fyrirvara fyrir málflutning. Eftir frumræður eiga aðilar kost á að færa fram stutt andsvör í sömu röð. Flytji verjandi málið af hálfu ákærða getur forseti heimilað ákærða sjálfum að koma að stuttum athugasemdum að loknum andsvörum verjanda.

Í málflutningi skal gera grein fyrir þeim atriðum í niðurstöðum hins áfrýjaða dóms sem leitað er breytinga á, kröfum í þeim efnunum og röksemdum fyrir þeim. Skal forðast málalengingar og málflutningi beint að þeim atriðum einum sem ágreiningur er um ásamt nauðsynlegri frásögn af öðrum sem þarf samhengis vegna.

Forseti stýrir þinghaldi. Hann getur krafist að málflytjendur haldi sér við efnið og láti vera að fjalla um þá þætti máls sem ekki eru til endurskoðunar eða ástæðulaust er af öðrum sökum að gera frekari grein fyrir. Forseti getur stöðvað málflutning ef ræður verða langar úr hófi fram eða sett honum tímatakmark og við þau bundið enda á málflutning.

Að loknum málflutningi tekur Hæstiréttur málið til dóms.

i. (219. gr.)

Að því leyti sem taka þarf afstöðu til atriða varðandi rekstur máls fyrir Hæstarétti ræður hann þeim til lykta með ákvörðun, hvort sem ágreiningur er um þau milli aðila eða ekki, enda leiði ákvörðunin ekki til loka máls fyrir dóminum. Ákvörðun skal ekki rökstudd sérstaklega en um efni hennar skal getið í þingbók eftir þörfum.

Úr öðrum atriðum máls leysir Hæstiréttur með dómi. Ef máli er vísað frá Hæstarétti má láta við það sitja að geta um ástæður þess í dómi, svo og um sakarkostnað. Sama gildir ef hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og máli vísað heim eða því er vísað frá dómi.

Sé kveðið á um önnur málalok í dómu en getur í 2. mgr. skal greina þar frá kröfum aðila eftir því sem þörf er á svo að niðurstaða verði skýr. Að því leyti sem greinargerð um málsatvik er ábótavant er í hinum áfrýjaða dómi skal bætt úr því í dómi Hæstaréttar. Ef og að því leyti sem niðurstöðu hins áfrýjaða dóms er breytt skal það rökstutt í dómi Hæstaréttar. Fallist Hæstiréttur á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms en ekki á röksemdir fyrir henni greinir hann frá rökum sínum eftir því sem þörf þykir.

Um dóma Hæstaréttar gilda að öðru leyti ákvæði 183. gr. eftir því sem getur átt við.

j. (220. gr.)

Refsing og önnur viðurlög á hendur ákærða verða ekki þyngd með dómi Hæstaréttar nema þess hafi verið krafist af hálfu ákærvalds. Ákvæðum hins áfrýjaða dóms um kröfu skv. XXVI. kafla verður heldur ekki breytt nema þess hafi verið krafist af þeim sem breyting er til hagsbóta, hvort sem það er ákærði eða kröfuhafi. Að öðru leyti getur Hæstiréttur ávallt breytt dómi til hagsbóta ákærða þótt hann hafi ekki gert kröfu um það.

Hæstiréttur getur ekki endurmetið niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sönnunargildi munnlegs framburðar.

k. (221. gr.)

Dóm skal kveða upp svo fljótt sem unnt er eftir að mál er dómtekið og aldrei síðar en þegar fjórar vikur eru liðnar frá því. Verði því ekki komið við og hafi mál verið munnlega flutt skal endurtaka málflutning að því leyti sem Hæstarétti þykir nauðsynlegt.

Strax eftir dómstöðu máls skulu dómáráðar ræða með sér fyrir luktum dyrum röksemdir og niðurstöðu dóms. Fyrir málflutning felur forseti einum dómara að vera frummælandi á þeim fundi en forseti stýrir þar ráðagerðum, ber fram spurningar, stuðlar að því að álit hvers dómara komi þar sem skýrast fram og telur atkvæði þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum. Að lokinni umræðu skal frummælandi semja atkvæði sitt að dómi. Aðrir dómáráðar skulu síðan í eigin nafni taka afstöðu til atkvæðis frummælanda með eigin rökstuðningi eftir því sem tilefni er til. Lendi frummælandi í minnihluta um niðurstöðu máls skulu þeir sem mynda meirihluta velja annan frummælanda í hans stað. Dómáráðar ganga í sameiningu frá dómi.

Við uppkvaðningu dóms skal lesa upp dómsorð í heyranda hljóði á dómþingi eftir því sem þörf þykir. Ef sératkvæði er í dómi skal þess einnig getið.

l. (222. gr.)

Eftir því sem átt getur við fer að öðru leyti um meðferð og úrlausn sakamála fyrir Hæstarétti eftir ákvæðum þessara laga um meðferð máls í héraði.

55. gr.

Á ákvæðum XXXII. kafla laganna, sem verður XXXIII. kafli, sem hefur fyrirsögnina **Endurupptaka óáfrýjaðs máls**, verða eftirfarandi breytingar:

- a. Í stað „3. mgr. 212. gr.“ í 1. mgr. 213. gr. laganna, er verður 1. mgr. 225. gr., kemur: 3. mgr. 224. gr.
- b. Á eftir „XXXI.“ í 2. mgr. 214. gr. laganna, er verður 2. mgr. 226. gr., kemur: og XXXII. kafla.

56. gr.

Á ákvæðum XXXIII. kafla laganna, er verður XXXIV. kafli, verða eftirfarandi breytingar:

- a. 215. gr. laganna, er verður 227. gr., orðast svo:

Endurupptökunefnd samkvæmt lögum um dómstóla getur leyft samkvæmt beiðni að mál sem dæmt hefur verið í Landsrétti eða Hæstarétti verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu að nýju ef fullnægt er þeim skilyrðum sem greinir í 223. gr.

Mál verður ekki endurupptekið í Landsrétti nema frestur til að leita áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar sé liðinn eða Hæstiréttur hafi synjað um áfrýjunarleyfi. Um beiðni um endurupptöku máls sem dæmt hefur verið í Landsrétti eða Hæstarétti og meðferð hennar gilda ákvæði 224. gr. og 225. gr. eftir því sem við á.

Endurupptökunefnd tekur ákvörðun um hvort mál verði endurupptekið og gilda ákvæði 1. mgr. 226. gr. um þá ákvörðun.

Nú hefur endurupptaka máls verið heimiluð, annað hvort að öllu leyti eða að hluta, og skal þá upp frá því fara með það að því marki, sem heimildin nær, eftir almennum reglum XXXI. kafla eins og áfrýjunarstefna hefði verið gefin út á þeim tíma þegar endurupptaka var ráðin.

Að því leyti sem endurupptaka máls hefur verið heimiluð skal nýr dómur ganga í því fyrir Landsrétti án tillitis til þess hvort niðurstöðu sé breytt frá fyrra dómi.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 226. gr. gilda um mál sem endurupptekið er fyrir Landsrétti eða Hæstarétti.

- b. Fyrirsögn kaflans verður: **Endurupptaka máls sem hefur verið dæmt í Landsrétti eða Hæstarétti.**

57. gr.

Á ákvæðum XXXIV. kafla laganna, sem verður XXXV. kafli, sem hefur fyrirsögnina **Sakarkostnaður**, verða eftirfarandi breytingar:

- a. Í stað orðsins „Hæstaréttar“ í 1. mgr. 220. gr. laganna, er verður 1. mgr. 233. gr., og í 2. mgr. 220. gr. laganna, er verður 2. mgr. 233. gr., kemur: Landsréttar.
- b. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 3. mgr. 220. gr. laganna, er verður 3. mgr. 233. gr., og í 4. mgr. 220. gr. laganna, er verður 4. mgr. 233. gr. kemur: Landsrétti.
- c. Í stað „218. gr.“ í 1. mgr. 220. gr. laganna, er verður 1. mgr. 233. gr., kemur: 231. gr.
- d. Í stað „216.- 219. gr.“ í 4. mgr. 220. gr. laganna, er verður 4. mgr. 233. gr. kemur: 229.- 232. gr.
- e. 221. gr. laganna, er verður 234. gr., orðast svo:

Nú áfrýjar ákærði dómi á fyrra dómstigi og hann er sýknaður með öllu eða að hluta með dómi Hæstaréttar eða viðurlög eru þar milduð. Skal þá kostnaður af áfrýjun felldur á ríkissjóð eða honum skipt samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 231. gr.

Nú áfrýjar ríkissaksóknari dómi á fyrra dómstigi og viðurlög eru ekki þyngd svo að neinu nemi með dómi Hæstaréttar. Skal þá kostnaður af áfrýjun felldur á ríkissjóð.

Eftir því sem við á fer að öðru leyti um sakarkostnað fyrir Hæstarétti samkvæmt því sem mælt er fyrir í 229.-232. gr.

58. gr.

Í stað orðsins „Hæstiréttur“ þrívægis í 5. mgr. 223. gr. laganna, er verður 5. mgr. 237. gr., kemur: æðri dómi.

59. gr.

Í stað „228. gr.“ í 229. gr. laganna, er verður 242. gr., í 1. mgr. 230. gr. laganna, er verður 1. mgr. 244. gr., í 3. mgr. 230. gr. laganna, er verður 3. mgr. 244. gr., og 231. gr. laganna, er verður 245. gr., kemur: 242. gr.

60. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæðum til bráðabirgða:

- a. Í stað „XXXII. og XXXIII. kafla“ í 4. mgr. V. ákvæðis til bráðabirgða kemur: XXXIII. og XXXIV. kafla.
- b. Í stað „XXXVII. kafla“ í 2. mgr. VI. ákvæðis til bráðabirgða kemur: XXXIX. kafla.
- c. Í stað „232. gr.“ í 1. mgr. VII. ákvæðis til bráðabirgða kemur: 246. gr.

III. KAFLI Gildistaka, lagaskil o.fl.

61. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 2016. Þau skulu þó ekki taka til ólokinna mála sem þegar hafa verið munnlega flutt fyrir Hæstarétti við gildistöku þeirra. Þau mál sem áfrýjað hefur verið eða þau kærð til Hæstaréttaréttar fyrir gildistöku laga þessara skulu rekin uppfrá því fyrir Landsrétti. Ekki haggast af þeim sökum gildi þeirrar meðferðar sem mál hefur þegar sætt.

Nú hefur máli verið áfrýjað og það verið flutt til Landsréttar samkvæmt 2. mgr. og má þá sækja um leyfi til áfrýjunar þess til Hæstaréttar samkvæmt 2. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála eða 2. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála, innan fjögurra vikna frá gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

Frumvarp þetta er annað tveggja frumvarpa sem samið hefur verið af nefnd sem innanríkisráðherra skipaði til að undirbúa stofnun millidómstigs á Íslandi og þá breytingu að Hæstiréttur starfaði í einni deild í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar þar að lútandi. Samhliða þessu frumvarpi hefur verið samið frumvarp til nýrra dómstólalaga sem ætlað er að koma í stað gildandi laga nr. 15/1998 um dómstóla.

Meginbreyting frumvarpanna tveggja er að komið er á fót nýjum dómstól, Landsrétti, sem verður eini dómstóllinn á nýju millidómstigi. Í frumvarpi til nýrra laga um dómstóla er fjallað um markmið þessarar breytingar en þau eru einkum tvenns konar. Annars vegar er upptöku millidómstigs ætlað að koma til móts við alþjóðlegar kröfur um milliliðalaus sönnunarfærslu á áfrýjunarstigi. Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) hefur talið að milliliðalaus sönnunarfærsla sé liður í réttlátri málsmeðferð skv. 1. mgr. 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu (MSE), sbr. einnig 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar er það markmið breytinganna að með því að létta álagi af Hæstarétti Íslands og gera honum kleift að starfa sameinaður í einni deild verði réttinum betur fært að sinna hlutverki sínu sem fordæmisgefandi dómstóll.

Með frumvarpi þessu eru gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála og lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála vegna tilkomu Landsréttar. Þótt frumvörpin geri ráð fyrir þremur dómstigum er stefnt að því að einungis í undantekningartilfellum hljóti mál meðferð á öllum þremur dómstigum. Áfram muni flest mál aðeins fá meðferð á einu eða tveimur dómstigum. Gert er ráð fyrir því að fyrsta dómstig sé ætíð héraðsdómur. Reglur um áfrýjun mála frá héraðsdómi til Landsréttar verða svipaðar reglunum sem nú gilda um áfrýjun mála til Hæstaréttar. Á hinn bóginn verður gert ráð fyrir að unnt verði að áfrýja héraðsdómum beint til Hæstaréttar. Til þessa getur komið í veigameiri málum þar sem ekki er þörf á endurtekinni munnlegri sönnunarfærslu. Samkvæmt frumvarpinu verður málum aðeins áfrýjað til Hæstaréttar samkvæmt leyfi réttarins sjálfs. Í frumvarpinu koma fram viðmiðanir sem Hæstiréttur skal líta til við ákvörðun um áfrýjunarleyfi. Ekki er gert ráð fyrir kæruehimildum til Hæstaréttar heldur mun Landsréttur að öllu leyti taka við hlutverki Hæstaréttar við meðferð kærumála.

Frumvarpið gerir ráð fyrir milliliðalausri sönnunarfærslu fyrir Landsrétti. Samkvæmt því munu skýrslutökur fara fram fyrir réttinum ef nauðsyn krefur. Í frumvarpinu er lögð til svipuð leið í þessum efnum og fylgt er í Svíþjóð. Þannig verða skýrslutökur teknar upp í hljóði og mynd í héraði og ekki endurteknar fyrir Landsrétti nema þörf sé á. Gert er ráð fyrir því að með samþykki Landsréttar verði hægt að kalla til ný vitni fyrir Landsrétt.

Í frumvarpinu eru ekki lagðar til veigamiklar breytingar á starfsemi héraðsdómstólanna. Helstu breytingarnar lúta að framkvæmd skýrslutöku fyrir héraðsdómi og reglum sem gilda um setu sérfróðra meðdómsmanna í dómi.

Ákvæði laganna um meðferð mála fyrir Landsrétti eru að mestu í samræmi við þau ákvæði sem þegar eru í lögum um meðferð mála fyrir Hæstarétti Íslands að því undanskildu að gert verður ráð fyrir munnlegri sönnunarfærslu fyrir réttinum.

Breytingar verða á starfsemi Hæstaréttar Íslands með samþykkt frumvarpanna. Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir að fjöldi dómara við Hæstarétt verði sex og minniháttar breytingar eru gerðar á reglum um skipun þeirra. Reglur um meðferð einstakra mála fyrir réttinum samkvæmt lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála breytast lítið. Þó er gert ráð fyrir að allir dómara við Hæstarétt geri grein fyrir atkvæði sínu ólíkt því sem nú

er. Þetta munu dómárár ýmist gera með því að rita sín eigin dómsatkvæði eða skrifa undir atkvæði annarra. Lögfestar verða reglur vegna meðferðar mála fyrir Landsrétti og Hæstarétti þess efnis að aðilar skuli láta hverjir öðrum í té afrit af þeim gögnum sem þeir leggja fyrir dóm.

Um 1. gr.

- a. Með greininni er orðalagi 2. mgr. 3. gr. laganna breytt lítillega vegna stofnunar Landsréttar.

Um 2. gr.

- a. Með breytingunni er orðalagi 3. mgr. 11. gr. um varðveislu gagna breytt þannig að gert er ráð fyrir því að það sem fram kemur við munnlega sönnunarfærslu skuli almennt tekið upp í hljóði og mynd. Sé máli áfrýjað til Landsréttar munu dómárár þar því geta kynnt sér framburð vitna í samræmi við það markmið frumvarpsins að tryggja milliliðalaus sönnunarfærslu á áfrýjunarstigi. Þá er heimild dómara til að gera útdrátt af framburði þrengd í samræmi við framangreind markmið
- b-d. Breytingar sem lagðar eru til á þessum ákvæðum varða myndupptöku á skýrslutökum.

Um 3. gr.

Með greininni er orðalagi 4. mgr. 51. gr. laganna breytt og áskilið að vitni geti aðeins gefið skýrslu fyrir dómi í gegnum síma ef það er verulegum erfiðleikum háð að vitnið komi fyrir dóm. Samkvæmt gildandi lögum er slíkt heimilt ef vitni er statt fjarri þingstað eða það hefði annars sérstakt óhagræði af því. Með breytingunni nægir ekki að vitni sé statt fjarri þingstað til að réttlætanlegt sé að það gefi skýrslu í gegnum síma, heldur þarf það að verulegum erfiðleikum háð fyrir vitnið að koma fyrir dóm. Er breytingin til samræmis við þá breytingu að skýrslur séu teknar upp bæði í hljóði og mynd og eftir atvikum byggt á þeim við sönnunarfærslu fyrir Landsrétti. Ef vitni gefur skýrslu í gegnum síma skal það sanna deili á sér og tryggt að aðstæður þess séu þannig að vitnið geti einbeitt sér að skýrslugjöfnum. Með breytingunni er styrkt sú meginregla að vitni skuli koma fyrir dóm til skýrslugjafar.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Með greininni eru gerðar breytingar á ákvæðum XXIV. kafla laganna sem fjallar um kærur. Samkvæmt núgildandi lögum er almennt unnt að kæra úrskurði héraðsdómstólanna til Hæstaréttar Íslands. Samkvæmt frumvarpinu mun Landsréttur taka við þessu hlutverki Hæstaréttar. Er ákvæðum kaflans því breytt á þá leið að Landsréttur kemur í stað Hæstaréttar. Ekki er gert ráð fyrir að meðferð kærumála fyrir Landsrétti verði með öðrum hætti en fyrir Hæstarétti nú. Þá verður ekki heimild til að skjóta dómum Landsréttar í kærumálum til Hæstaréttar.

Um 7. gr.

Ákvæði XXV. kaflai laganna fjalla um áfrýjun. Samkvæmt gildandi lögum er almennt unnt að áfrýja dómum héraðsdómstólanna til Hæstaréttar Íslands en að meginstefnu til mun Landsréttur taka við þessu hlutverki Hæstaréttar. Er ákvæðum kaflans því breytt á þá leið að Landsréttur er tiltekinn í stað Hæstaréttar. Þá eru nokkrar breytingar gerðar á málsmeðferð við áfrýjun, enda er annað helsta markmiðið með stofnun millidómstigs að tryggja milliliðalaus sönunarfærslu á áfrýjunarstigi.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Með frumvarpinu er áfrýjunarfjárhæð hækkuð lítillega en kveðið á um að hún fylgi vísitölu neysluverðs frá og með 1. júlí 2015.

Um 10. gr.

Gerðar eru breytingar á 153. gr. sem mun eftirleiðis fjalla um frest til áfrýjunar dóma héraðsdóms til Landsréttar. Breytingin lýtur að samspili frests til áfrýjunar til Landsréttar og beiðni um að máli verði áfrýjað beint til Hæstaréttar án þess að fjallað sé um mál fyrir Landsrétti. Samkvæmt frumvarpinu rofnar frestur til að áfrýja dómi til Landsréttar við það að sótt er um leyfi til áfrýjunar máls til Hæstaréttar. Byrjar fresturinn að líða að nýju hafni Hæstiréttur beiðninni. Þó skal frestur til að leita áfrýjunar til Landsréttar í kjölfar synjunar Hæstaréttar aldrei vera skemmri en tvær vikur. Með þessu er áfrýjanda gefið svigrúm til að áfrýja héraðsdómi til Landsréttar þótt fyrst hafi verið óskað eftir að mál yrði tekið fyrir í Hæstarétti. Í samræmi við orðalag ákvæðisins framlengist frestur allra aðila til að áfrýja máli til Landsréttar ef einn þeirra sækir um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Með tilkomu Landsréttar verður aðilum unnt að endurtaka sönunarfærslu á áfrýjunarstigi. Af þessum sökum er gerð sú breyting á 155. gr. að kveðið er á um að greina skuli í áfrýjunarstefnu þá sem áfrýjandi hyggst leiða fyrir dóm til skýrslugjafar um atvik máls og í hvaða skyni það skuli gert. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 13. gr.

Eina efnisbreytingin sem lögð er til í 1.mgr. er sú að bætt er við áskilnaði um að áfrýjandi skuli eigi síðar en við þingfestingu afhenda stefnda eintak málsgagna sem lögð eru fram fyrir Landsrétti. Hefur þetta tíðkast í framkvæmd fyrir Hæstarétti en rétt þykir að þessi skylda sé lögfest.

Samkvæmt þeim breytingum sem gerðar verða á 2. mgr. 156. gr. laganna verður áskilið í e-lið að áfrýjandi rökstyðji hvers vegna ekki sé nægjanlegt að byggja á upptökum frá meðferð máls í héraði. Að meginstefnu er gert ráð fyrir að skýrslutökur verði ekki endurteknar fyrir

Landsrétti nema þörf sé á og að á áfrýjunarstigi verði einkum stuðst við hljóð- og myndupptökur. Af þeim sökum er sú breyting gerð á 156. gr. að hljóð- og myndupptökur sem áfrýjandi hyggst byggja mál sitt á fyrir Landsrétti teljast til málgagna. Það er síðan Landsréttar að taka afstöðu til þess, sbr. þær breytingar sem lagðar eru til á 161. gr. laganna, hvort og þá hvaða aðila- og vitnaskýrslur verði teknar fyrir réttinum. Tilhögun skýrslutökunnar fer síðan eftir ákvæðum VII. og VIII. kafla laganna sem fjalla um slíkar skýrslutökur vegna meðferðar máls í héraði. Gert er ráð fyrir að aðalmeðferð fari að jafnaði fram í einni lotu, þ.e.a.s. að málflutningsræður séu fluttar að loknum skýrslutökum og vettvangsgöngu ef því er að skipta.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Sambærilegar breytingar eru gerðar á 159. gr. varðandi málatilbúnað stefnda og á 156. gr. varðandi málatilbúnað áfrýjanda.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Í greininni er fjallað um tilhögun aðalmeðferðar fyrir Landsrétti, gert er ráð fyrir að hún verði í grófum dráttum sambærileg við tilhögun aðalmeðferðar í héraði.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um samningu og frágang dóma Landsréttar. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulagið verði hið sama og gilt hefur í Hæstarétti. Þó eru lagðar til breytingar sem leiða af skipan Landsréttar þar sem þrír dómara skipa dóm í hverju máli og einn þeirra er dómsfornaður sbr. 17. gr. frumvarps til nýrra dómstólalaga, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Um 23. gr.

Ákvæði XXVI. kafla laganna fjalla um áfrýjun mála til Hæstaréttar Íslands. Ákvæði kaflans eru sambærileg þeim sem gilda nú um meðferð mála fyrir réttinum. Gert er ráð fyrir að þótt

dómstig verði þrjú muni mál aðeins í undantekningartilvikum fá meðferð á öllum þremur dómstigum. Samkvæmt núgildandi lögum hafa aðilar einkamála átt óskoraðan rétt á að áfrýja dómum héraðsdóms til Hæstaréttar að undanskildum dómum í málum sem varða kröfur um tiltölulega lágar fjárhæðir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að undantekningarlaust verði áfrýjun máls til Hæstaréttar háð áfrýjunarleyfi og þá óháð því hvort mál hafi áður verið dæmt af Landsrétti eða einungis í héraði.

- a. Í 1. mgr. 167. gr. er kveðið á um heimild til að sækja um leyfi til að áfrýja dómum Landsréttar en samsvarandi heimild er að finna í 2. mgr. vegna dóma héraðsdóms. Hæstiréttur metur hvort verða skuli við umsókn um áfrýjunarleyfi en um afgreiðslu umsókna er nánar fjallað í lögum um dómstóla. Við mat á umsóknum skal líta til þess hvort úrslit máls hafi verulegt almennt gildi eða varði mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis. Í samræmi við orðalag ákvæðisins þarf mál ekki bæði að hafa verulegt almennt gildi og varða mikilvæga hagsmuni umsækjanda. Sömu skilyrði koma fram í núgildandi 4. mgr. 152. gr. laga um meðferð einkamála. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir að Hæstiréttur taki mál til meðferðar á þeim grundvelli að ekki sé útilokað að dómi kunni að verða breytt svo einhverju nemi, sbr. núgildandi c. lið 4. mgr. 152. gr. Í samræmi við markmið laganna um að tryggja milliliðalaus sönunarfærslu er gert ráð fyrir að umsókn um áfrýjun héraðsdóms verði hafnað telji Hæstiréttur þörf á sönunarfærslu fyrir Landsrétti.
- b. Í greininni er kveðið á um frest til áfrýjunar. Skal hann vera þrjú mánuðir frá uppkvaðningu dóms. Hæstiréttur getur þó fallist á umsókn um áfrýjunarleyfi að liðnum áfrýjunarfresti, enda sé dráttur á áfrýjun nægilega réttlættur. Reglan er sambærileg þeirri undantekningu sem fram kemur í 2. mgr. 153. gr. gildandi laga. Regla 3. mgr. svarar til 3. mgr. 153. gr. gildandi laga.
- c. Greinin er sambærileg 154. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.
- d. Í greininni er fjallað um áfrýjunarstefnu. Hún er sambærileg 155. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að nú er gert ráð fyrir að málum verði eingöngu áfrýjað til Hæstaréttar samkvæmt leyfi réttarins.
- e. Greinin þarfnast ekki skýringa en hún fjallar um greinargerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti og er sambærileg 156. gr. og 4. mgr. 153. gr. gildandi laga
- f. Greinin er sama efnis og 157. gr. gildandi laga. Hún þarfnast ekki skýringa.
- g. Greinin er sama efnis og 158. gr. gildandi laga. Hún þarfnast ekki skýringa. Við 1. mgr. hefur verið bætt ákvæði um að áfrýjandi skuli eigi síðar en við þingfestingu afhenda stefnda eintak málgagna sem lögð eru fram fyrir Hæstarétti. Rétt þykir að skylda þessi sé lögfest.
- h. Greinin er því sem næst samhljóða 159. gr. gildandi laga. Við 2. mgr. hefur verið bætt ákvæði um að stefndi skuli senda áfrýjanda eintak af greinargerð og öðrum málgögnum sem hann leggur fram.
- i. Greinin er því sem næst samhljóða 160. gr. gildandi laga. Í lok 1. mgr. er að finna viðbót þess efnis að aðilar skuli senda hverjir öðrum eftirrit þeirra gagna sem lögð eru fram. Að öðru leyti krefst greinin ekki skýringa.
- j. Greinin er samhljóða 161. gr. gildandi laga.
- k. Greinin er því sem næst samhljóða 162. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

- l. Greinin er því sem næst samhljóða 163. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.
- m. Greinin er því sem næst samhljóða 164. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.
- n. Greinin fjallar um hvernig staðið skuli að samningu hæstaréttardóma. Sú breyting felst í frumvarpinu að dómara skuli í eigin nafni taka afstöðu til atkvæðis frummælanda með eigin rökstuðningi eftir því sem tilefni er til. Lendi frummælandi í minnihluta um niðurstöðu máls skuli þeir sem mynda meirihluta velja annan frummælanda í hans stað. Samkvæmt þessu mun nafn frummælanda koma fram í dómi en þeir dómara sem eru sammála munu gera það með eigin rökstuðningi eftir því sem tilefni er til. Gert er ráð fyrir að aðgreint verði hver sé frummælandi og hvaða dómara eru samþykkir atkvæði hans án sérstaks rökstuðnings, enda er kveðið á um það í ákvæðinu að dómara taki í eigin nafni afstöðu til atkvæðis frummælanda. Með breytingunni er stefnt að því að afstaða hvers og eins dómara Hæstaréttar birtist skýrar í niðurstöðum réttarins.
- o. Greinin er samhljóða 166. gr. gildandi laga.

Um 24. gr.

Greinin er sama efnis og 169. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um endurupptökunefnd. Breytingar á orðalagi eru gerðar vegna tilkomu Landsréttar.

Um 25. gr.

- a. Með greininni er orðalagi 2. mgr. 4. gr. laganna breytt lítillega vegna stofnunar Landsréttar. Samkvæmt ákvæðinu verður landsréttardómurum og starfsmönnum Landsréttar ekki gert skylt að verða við kvaðningu til starfa meðdómsmanns frekar en hæstaréttardómurum og starfsmönnum Hæstaréttar. Auk þess verður forstöðumönnum skráðra lífsskoðunarfélaga það ekki skylt.

Um 26. gr.

- a. Með breytingunni er orðalagi 3. mgr. 13. gr. um varðveislu gagna breytt þannig að gert er ráð fyrir því að það sem fram kemur við munnlega sönnunarfærslu skuli almennt tekið upp í hljóði og mynd. Sé máli áfrýjað til Landsréttar munu dómara þar því geta kynnt sér framburð vitna í samræmi við það markmið frumvarpsins að tryggja milliliðalaus sönnunarfærslu á áfrýjunarstigi. Þá er heimild dómara til að gera útdrátt af framburði þrengd í samræmi við framangreind markmið.
- b. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.
- c. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.
- d. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 27. – 32. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Um 33. gr.

- a. Með greininni er orðalagi 4. mgr. 116. gr. laganna breytt og áskilið að vitni geti aðeins gefið skýrslu fyrir dómi í gegnum síma ef það er verulegum erfiðleikum háð að vitnið

komi fyrir dóm. Samkvæmt gildandi lögum er slíkt heimilt ef vitni er statt fjarri þingstað eða það hefði annars sérstakt óhagræði af því. Með breytingunni nægir það ekki að vitni sé statt fjarri þingstað til að réttlætanlegt sé að það gefi skýrslu í gegnum síma, heldur þarf það að vera verulegum erfiðleikum háð fyrir vitnið að koma fyrir dóm. Er breytingin til samræmis við þá breytingu að skýrslur séu teknar upp bæði í hljóði og mynd og eftir atvikum byggt á þeim við sönnunarfærslu fyrir Landsrétti. Ef vitni gefur skýrslu í gegnum síma skal það sanna deili á sér og tryggt að aðstæður þess séu þannig að vitnið geti einbeitt sér að skýrslugjöfinni. Með breytingunni er styrkt sú meginregla að vitni skuli koma fyrir dóm til skýrslugjafar.

b. Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 34. – 37. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 39. gr.

Með greininni eru gerðar breytingar á ákvæðum XXX. kafla laganna sem fjallar um kærur. Samkvæmt núgildandi lögum er almennt unnt að kæra úrskurði héraðsdómstólanna til Hæstaréttar Íslands. Samkvæmt frumvarpinu mun Landsréttur taka við þessu hlutverki Hæstaréttar. Er orðalagi ákvæða kaflans því breytt á þá leið að nafn Landsréttur kemur í stað nafns Hæstaréttar. Ekki er gert ráð fyrir að meðferð kærumála fyrir Landsrétti verði með öðrum hætti en fyrir Hæstarétti nú. Þá verður ekki heimild til að skjóta dómum Landsréttar í kærumálum til Hæstaréttar.

Um 40. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 41. gr.

Greinin er upphafsákvæði XXXI. Kafla laganna. Með henni eru gerðar breytingar á XXV. kafla laganna sem fjallar um áfrýjun en með frumvarpinu er gert ráð fyrir að kaflinn fjalli aðeins um áfrýjun mála til Landsréttar. Samkvæmt gildandi lögum er almennt unnt að áfrýja dómum héraðsdómstólanna til Hæstaréttar Íslands en að meginstefnu til mun Landsréttur taka við þessu hlutverki Hæstaréttar. Er ákvæðum kaflans því breytt á þá leið að nafn Landsréttar kemur í stað nafns Hæstaréttar. Þá eru nokkrar breytingar gerðar á málsmeðferð við áfrýjun, enda er annað helsta markmiðið með stofnun millidómstigs að tryggja milliliðalaus sönnunarfærslu á áfrýjunarstigi.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 43. gr.

Gerðar eru breytingar á 199. gr. sem mun eftirleiðis fjalla um frest til áfrýjunar dóma héraðsdóms til Landsréttar. Breytingin lýtur að samspili frests til áfrýjunar til Landsréttar og beiðni um að máli verði áfrýjað beint til Hæstaréttar án þess að fjallað sé fyrst um mál fyrir

Landsrétti. Samkvæmt frumvarpinu rofnar frestur ákærða til að áfrýja dómi til Landsréttar við það að sótt er um leyfi til áfrýjunar máls til Hæstaréttar. Hafni Hæstiréttur beiðninni byrjar fresturinn að líða á ný. Þó skal frestur ákærða til að leita áfrýjunar til Landsréttar í kjölfar synjunar Hæstaréttar aldrei vera skemmri en tvær vikur. Með þessu er ákærða gefið svigrúm til að áfrýja héraðsdómi til Landsréttar þótt fyrst hafi verið óskað eftir að mál yrði tekið fyrir í Hæstarétti.

Um 44. -46. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Um 47. gr.

Með tilkomu Landsréttar verður aðilum unnt að endurtaka sönnunarfærslu á áfrýjunarstigi. Af þessum sökum eru gerð sú breyting á 203. gr. að kveðið er á um að greina skuli í greinargerð málsaðila þá sem aðilar hyggist leiða fyrir dóm til skýrslugjafar um atvik máls og í hvaða skyni það skuli gert. Verður áskilið að rökstutt sé hvers vegna ekki sé nægjanlegt að byggja á upptökum frá meðferð máls í héraði. Að meginstefnu er gert ráð fyrir að skýrslutökur verði ekki endurtekna fyrir Landsrétti nema þörf sé á og að á áfrýjunarstigi verði einkum stuðst við hljóð- og myndupptökur.

Um 48. gr.

- a. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.
- b. Lagt er til að Landsréttur taki afstöðu til þess, , hvort og þá hvaða skýrslur verði teknar fyrir réttinum. Tilhögun skýrslutökunnar fer síðan eftir ákvæðum VII. og VIII. kafla laganna sem fjalla um slíkar skýrslutökur vegna meðferðar máls í héraði. Gert er ráð fyrir að aðalmeðferð fari að jafnaði fram í einni lotu, þ.e.a.s. að málflutningsræður séu fluttar að loknum skýrslutökum og vettvangsgöngu ef því er að skipta.
- c. Samkvæmt c-lið 48. gr. frumvarpsins fellur 3. mgr. 205. gr. laganna brott. Ástæða þess er sú að ákvæðið mun eftirleiðis fjalla um Landsrétt og er kveðið á um endurtekna sönnunarfærslu fyrir réttinum í öðrum ákvæðum frumvarpsins. Hins vegar gerir frumvarpið ekki ráð fyrir því að endurtekin sönnunarfærsla fari fram fyrir Hæstarétti og því fellur ákvæði þar að lútandi brott.

Um 49. gr.

Í greininni er fjallað um tilhögun aðalmeðferðar fyrir Landsrétti, gert er ráð fyrir að hún verði í grófum dráttum sambærileg við tilhögun aðalmeðferðar í héraði.

Um 50. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 51. gr.

- a. Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.
- b. Í samræmi við þá breytingu sem í frumvarpinu felst að milliliðalaus sönnunarfærsla fari fram á áfrýjunarstigi verða felld úr gildi ákvæði 2. og 3. mgr. 208. gr. er lúta að því að dómstóll á áfrýjunarstigi geti ekki endurmetið niðurstöðu um sönnunargildi munnlegs framburðar annars vegar og mögulega ómerkingu héraðsdóms vegna þess

að niðurstaða héraðsdóms um sönnunargildi munnlegs framburðar kunni að vera röng svo einhverju skipti.

Um 52. gr.

- a. Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.
- b. Í ákvæðinu er kveðið á um samningu og frágang dóma Landsréttar. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulagið verði hið sama og gilt hefur í Hæstarétti. Þó eru lagðar til breytingar sem leiða af skipan Landsréttar þar sem þrír dómara skipa dóm í hverju máli og einn þeirra er dómsfornaður sbr. 17. gr. frumvarps til nýrra dómstólalaga, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Um 53. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 54. gr.

- a. Greinin er sú fyrsta í XXXII. kafla laganna sem mun fjalla um áfrýjun mála til Hæstaréttar Íslands. Ákvæði kaflans eru sambærileg þeim sem gildandi eru um meðferð mála fyrir réttinum. Gert er ráð fyrir að þótt dómstigin verði þrjú upp frá samþykkt frumvarpsins muni mál aðeins í undantekningartilvikum fá meðferð á öllum þremur dómstigum. Aðeins verði fjallað um mál fyrir Hæstarétti að fengnu áfrýjunarleyfi. Ríkissaksóknari og ákærði hafi heimild til að sækja um leyfi vegna áfellisdoms en aðeins ríkissaksóknari hafi ákærði verið sýknaður. Hæstiréttur metur hvort veita skuli leyfi en það skal aðeins gera ef úrslit málsins hafa verulegt almennt gildi og að ekki sé þörf á endurskoðun sönnunargildis munnlegs framburðar.
- b. Í greininni er fjallað um meðferð umsókna um áfrýjunarleyfi en hún er sambærileg 200. gr. gildandi laga.
- c. Í greininni er fjallað um áfrýjunarstefnu. Hún er sambærileg 201. gr. gildandi laga.
- d. Greinin þarfnast ekki skýringa en hún fjallar um greinargerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti og er sambærileg 202. gr. gildandi laga.
- e. Greinin þarfnast ekki skýringa en hún fjallar um greinargerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti og er sambærileg 203. gr. gildandi laga.
- f. Greinin er sama efnis og 204. gr. gildandi laga. Hún þarfnast ekki skýringa.
- g. Greinin er sama efnis og 205. gr. gildandi laga að undanskilinni þeirri reglu sem fram kemur í 3. mgr. 205. gr. um að Hæstiréttur geti ákvæðið að munnleg sönnunarfærsla fari fram í þeim mæli sem hann telur þörf á. Vegna tilkomu Landsréttar er ekki gert ráð fyrir að munnleg sönnunarfærsla verði við nokkrar kringumstæður endurtekin fyrir Hæstarétti.
- h. Greinin er sama efnis og 206. gr. gildandi laga. Hún þarfnast ekki skýringa.
- i. Greinin er sama efnis og 207. gr. gildandi laga. Hún þarfnast ekki skýringa.
- j. Í 1. og 2. mgr. er að finna reglur sem eru sama efnis og samsvarandi ákvæði 208. gr. gildandi laga. Ekki er gert ráð fyrir að Hæstiréttur geti ómerkt dóma héraðsdóms vegna þess að rétturinn telji niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs

framburðar fyrir dómi kunni að vera röng svo einhverju skipti um úrslit máls en slíka reglu er nú að finna í 3. mgr. 208. gr. gildandi laga.

- k. Greinin fjallar um hvernig staðið skuli að samningu hæstaréttardóma. Sú breyting felst í frumvarpinu að dómarrar skuli í eigin nafni taka afstöðu til atkvæðis frummælanda með eigin rökstuðningi eftir því sem tilefni er til. Lendi frummælandi í minnihluta um niðurstöðu máls skuli þeir sem mynda meirihluta velja annan frummælanda í hans stað. Samkvæmt þessu mun nafn frummælanda koma fram í dómi en þeir dómarrar sem eru sammála munu gera það með eigin rökstuðningi eftir því sem tilefni er til. Gert er ráð fyrir að aðgreint verði hver sé frummælandi og hvaða dómarrar eru samþykkir atkvæði hans án sérstaks rökstuðnings, enda er kveðið á um það í ákvæðinu að dómarrar taki í eigin nafni afstöðu til atkvæðis frummælanda. Með breytingunni er stefnt að því að afstaða hvers og eins dómara Hæstaréttar birtist skýrar í niðurstöðum réttarins.
- l. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 55. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar í samræmi við tilkomu Landsréttar og þarfnast þær ekki sérstakra skýringa.

Um 57. – 60. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 61. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. júlí 2016 og gildi um öll mál önnur en þau sem ólokin eru en hafa þegar verið munnlega flutt fyrir Hæstarétti við gildistöku laganna. Þá er gert ráð fyrir því að þau mál sem áfrýjað hefur verið eða þau kærð til Hæstaréttar og ekki hafa verið munnlega flutt fyrir Hæstarétti fyrir gildistöku laganna skuli rekin uppfrá því fyrir Landsrétti. Enn fremur er gert ráð fyrir að unnt verði að sækja um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar vegna þeirra mála sem flytjast frá Hæstarétti til Landsréttar innan fjögurra vikna frá gildistöku laganna.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að Landsréttur geti byggt á upptökum í hljóði og mynd af skýrslugjöf í héraði. Æskilegt er því að hafist verði sem fyrst handa við uppsetningu myndupptökubúnaðar í dómsölum héraðsdómstólanna svo að innleiðing millidómsstigsins gangi sem best fyrir sig.